



## - UMSÖGN -

|                          |  |
|--------------------------|--|
| <b>Vörulýsing:</b>       | <b>Eldþolið gler, lagskipt,</b> til almennrar notkunar í byggingar.  |
| <b>Vöruheiti:</b>        | <b>AGC Pyrobelite 7, 7 EG, 11, 12, 12 EG og 13, Pyrobel 8, 8 EG, 16, 16 EG, 17, 17 EG, 17N, 17N EG, 21, 21 EG, 25, 25 EG, 35, 35 EG, 53, 53 EG, 19, 23 og 28,</b> þ.e. alls 25 gerðir, sbr. viðauka með neðangreindu vottorði.   |
| <b>Umsagnarhafi:</b>     | Glerverksmiðjan Samverk ehf., Eyjasandi 2, 850 Hellu.  |
| <b>Framleiðandi:</b>     | <b>AGC Glass Europe SA/NV,</b> Chaussée de la Hulpe 166, B-1170, Brussel, Belgíu.  |
| <b>Erl. staðfesting:</b> | <b>1. Vottorð frá Warrington Certification Ltd., Skotlandi, dags. 19. ágúst 2011: "EC Certificate of Conformity", nr. 1121-CPD-CA0004, sjá fylgiskjal; vottorðið staðfestir samræmi við staðalinn EN 14449:2005, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar. 2. EC-samræmisýfirlýsing framleiðanda, dags. 4. september 2007.</b> |

### Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: **1.** Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. **2.** Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1 og gr. 5.1.4. **3.** Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

### Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Á vörunni sjálfri eða í afhendingargögnum skulu eftirfarandi merkingar koma fram: heiti vörunnar, heiti eða auðkenni og aðsetur framleiðandans og númer ofangreinds staðals, númer vottunaraðilans og ofangreinds vottorðs, auk tækniupplýsinga skv. lið ZA.3 í staðlinum; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindum staðfestingargögnum.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir lagskipt eldþolið gler til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem glerið er staðsett.
- Í RB-blöðunum Rb(31).121.1, 2 og 3 er að finna upplýsingar um val glergerða, sbr. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 8.5.2.

### UMSAGNARORÐ

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umrædd vara brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem lagskipt eldþolið gler í byggingar.

**Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.**

Útgáfudagur: 23. mars 2013

  
Rögnvaldur S. Gíslason,  
vottunarstjóri

  
Jón Sigurjónsson,  
yfirverkfræðingur.

FYLGISKJAL: Vottorð frá Warrington Certification Ltd., Skotlandi (2 bls.).